

L Ö G

57

31. okt.

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlið, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

58

31. okt.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Guðjóni bónda Baldvinssyni á Skáldalæk hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal. Eyjan selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Skáldalæk.